

Almennt

Sölufyrirtæki raforku eiga samkvæmt reglugerð nr. 757/2012 um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku, að upplýsa notendur sína a.m.k. árlega á eða með reikningum og í kynningargögnum um uppruna afhentrar raforku og magn úrgangsefna

Varðandi birtingu upplýsinga um uppruna afhentrar raforku eru ekki sett nein frekari skilyrði en varðandi upplýsingar um magn úrgangsefna er tilgreint í reglugerðinni að birting skuli a.m.k. vera með tilvísun í heimildir, s.s. opinberlega aðgengilegar heimasíður þar sem finna má slíkar upplýsingar.

Birting skal eiga sér stað eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Birting upplýsinga

Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar er fullnægjandi að birta upplýsingarnar með eftirtöldum hætti.

- a) Á reikning er settur texti¹⁾ með upplýsingum um uppruna raforkunnar, þ.e. tilgreina hlutfall hvers orkuflokks en jafnframt verði vísað í nánari upplýsingar á heimasíðu viðkomandi fyrirtækis þar sem birt verði stöðluð yfirlýsing sem Orkustofnun hefur gefið út. Textinn skal vera staðsettur á jafn áberandi stað og með samskonar letri og annar texti. Staðlaða yfirlýsingin skal bera nafn, merki og heimilisfang sölufyrirtækis. Með þeim hætti er hægt að prenta út skjalið með réttum upplýsingum viðkomandi fyrirtækis.
- b) Staðlaða yfirlýsing frá Orkustofnun fylgir með reikningi og skal staðlaða yfirlýsingin bera nafn, merki og heimilisfang sölufyrirtækis.
- c) Bæði skv. lið a) og b)

Áður en birting upplýsinga fer fram skal senda Orkustofnun staðfestingu á dags. útsendra upplýsinga og ef birting fer fram skv. lið a) bera að senda Orkustofnun sýnishorn af reikningi,

Ákvæði til bráðabirgða

Í ofangreindri reglugerð er ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur að sölufyrirtæki raforku skulu eigi síðar en 15. nóvember 2012 upplýsa notendur um uppruna afhentrar raforku og úrgangsefna sem leiðir af framleiðslu hennar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, fyrir árið 2011.

Á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins fer Orkustofnun fram á að ofangreindar upplýsingar verði birtar notendum eins fljótt og auðið er með næsta reikningi.

¹⁾ *Leiðbeinandi texti:*

Raforkusala á Íslandi eftir orkugjöfum 2011 er eftirfarandi: Endurnýjanleg orka 89%, jarðefnaeldsneyti 6%, kjarnorka 5%. - Birt skv. reglugerð nr. 757/2012. Sjá nánar www.nafn.fyrirtækis.is/Upprunaábyrgðir.